

**Nd.**

**50. Nefndarátt**

um tillögu til þingsályktunar um úthlutun matvöru- og sykursæðla og um vöruflutninga.

Frá bjargráðanefnd.

Vjer höfum sýnt stjórnarnefnd landsverslunarinnar þessa tillögu og rætt um hana. Telur hún tillöguna óþarfa, því að stjórnarnefndin hafi frá öndverðu haft í huga þær ástæður, sem tillagan miðar við, og hafi búist við að taka eins mikið tillit til þeirra og hægt væri. En þetta ylti nokkuð á því, hve rífligan vöruforða landið fengi, og að engin óvænt teppa kæmi í aðflutninga. Enn fremur væri þetta og komið undir flutningatækjum þeim, er landið hefði ráð á. Í stultu máli kvað nefndin, að haft mundi tillit til hinna einstöku bygðarlaga, eftir mismunandi kringumstæðum þeirra, eftir því sem frammanefnd skilyrði leyfðu.

Samkvæmt þessum undirtektum telur nefndin þingsályktun í þessu efni óþarfa, og því sje rjett að afgreiða tillöguna með þannig hljóðandi

**RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.**

Með trausti til þess, að landsstjórnin og landsverslunin hafi fullan huga á að fullnægja eins og föng leyfa og við verður komið hinum mismunandi þörfum hjeraða og bygðarlaga til vöruforða og aðflutninga, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. maí 1918.

Sigurður Stefánsson,  
formaður.

Pjetur Jónsson,  
skrifari og framsögum.

Pjetur Þórðarson.

Þorsteinn Jónsson.

Björn Kristjánsson.

Jörundur Brynjólfsson.

Sigurður Sigurðsson.